

Erindisbréf Barnaverndarnefndar Þingeyinga

1. gr. Umboð

Barnaverndarnefnd Þingeyinga er skipuð á grundvelli 3. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og starfar í umboði Héraðsnefndar Þingeyinga bs. á grundvelli stofnsamnings byggðasamlagsins sem samþykktur hefur verið af öllum aðildarsveitarfélögum þess og hlotið staðfestingu ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

2. gr. Verksvið

Verkefni nefndarinnar fara skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 og barnalögum nr. 76/2003. Nefndin skal móta sameiginlega stefnu aðildarsveitarfélaganna í barnaverndarmálum og taka ákvarðanir á verksviði sínu, þ.m.t. töku stjórnvaldsákvæðana um rétt eða skyldu manna í skilning stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 12. gr. stofnsamnings Héraðsnefndar Þingeyinga bs. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með því að samþykktum og stefnumörkun á verksviði hennar sé fylgt.

3. gr. Verkefni

Barnaverndarnefnd Þingeyinga fer með eftirtalin verkefni:

- Stefnumótun í barnavernd að höfðu samráði við aðildarsveitarfélög Héraðsnefndar Þingeyinga bs.
- Verkefni sem barnaverndarnefndum eru falin í barnaverndarlögum nr. 80/2002, sbr. 12. gr. laganna.
- Gerð tillögu til fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. að framkvæmdaáætlun um vernd barna og ungmenna í samræmi við 9. gr. barnaverndarlaga.
- Eftirfylgni með framkvæmda barnalaga nr. 76/2003 og laga um ættleiðingar nr. 130/1999.
- Eftirlit með að stefnumörkun og samþykktum varðandi barnavernd sé fylgt.

4. gr. Laga- og reglurammi

Barnaverndarnefnd skal í störfum sínum fylgja almennum samþykktum fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. s.s. varðandi starfsmannamál, jafnréttismál, innkaup og ferli og framsetningu fjárhagsáætlunar, eftir því sem við á.

Þá skal nefndin fylgja eftir samþykktum, reglum og gjaldskrá sem settar eru af fulltrúaráðinu er varða málefni á verksviði nefndarinnar, sbr. t.d.:

- Reglur um framsal til starfsmanna nefndarinnar til könnunar og meðferðar einstakra barnaverndarmála, skv. ákvæðum 14. gr. barnaverndarlaga.
- Reglur um útivist barna í aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins.

5. gr. Skipan

Nefndin er skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara kjörnum af fulltrúaráði Héraðsnefndar Þingeyinga bs. skv. tilnefningum aðildarsveitarfélaganna þannig að:

- Norðurþing tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara.
- Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit tilnefna sameiginlega einn fulltrúa og einn til vara.
- Langesbyggð og Svalbarðshreppur tilnefna sameiginlega einn fulltrúa og einn til vara.

Við tilnefningu fulltrúa og varafulltrúa skal þess gætt, svo sem kostur er, að þeir komi úr öllum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins.

Leitast ber við að skipa lögfræðing í barnaverndarnefndina og aðra fulltrúa á grundvelli sérþekkingar á málefnum barna. Fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga bs. kýs formann og varaformann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir hún sjálf með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og sveitarstjórna.

6. gr. Verkstjórn og verkaskipting

Formaður nefndarinnar er í forsvari fyrir hana varðandi stefnumótun og ákvarðanir eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Félagsmálastjóri Norðurlþings er starfsmaður nefndarinnar og ber, skv. sérstökum samningi aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar Þingeyinga bs., ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar og rekstri á verksviði hennar, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við mótaða stefnu.

7. gr. Fundarboðun og fundarsköp

Nefndin heldur að jafnaði tvo fasta fundi á ári. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum og þá skal funda í nefndinni komi fram ósk tveggja eða fleiri fulltrúar þar um. Fella má niður fundi í júlí og ágúst eða alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður, í samráði við félagsmálastjóra Norðurlþings, boðar til funda og undirbýr og ákveður dagskrá. Formaður stýrir fundum nefndarinnar. Á dagskrá skulu m.a. tekin fyrir mál sem fulltrúar í nefndinni hafa óskað eftir að tekin verði fyrir, enda séu þau á verksviði nefndarinnar. Fundur skulu boðaðir rafrænt með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skulu dagskrá og fundargögn fylgja fundarboði.

Um fundarsköp fer eftir gildandi fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga, sem gefin er út af innanríkisráðuneytinu, eftir því sem við á.

Félagsmálastjóri Norðurlþings, eða annar sá starfsmaður sem hann tilnefnir, skal sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Þá getur nefndin boðað til fundar einstaka starfsmenn aðildarsveitarfélaganna sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Við ákvörðun skv. 26. og 27. gr. barnaverndarlaga skal kalla til lögfræðing, eigi slíkur ekki sæti í barnaverndarnefndinni.

8. gr. Fundaskipulag og ritun fundargerða

Nefndarfundi skal halda fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum einstakra fundarmanna.

Fundargerðir skulu skráðar og afrit sent aðildarsveitarfélagunum sbr. þó ákvæði 13. gr. barnaverndarlaga sem kveður á um að sveitarstjórn sé óheimill aðgangur að gögnum og

upplýsingum um einstök barnavernadarmál. Um ritun fundargerða fer eftir gildandi fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga og auglýsingu um leiðbeiningar um ritun fundargerða, hvort tveggja útgefið að innanríkisráðuneytinu. Félagsmálastjóri Norðurbings eða annar sá starfsmaður sem hann tilnefnir, skal rita fundargerð.

Í upphafi árs skal kynna fundaáætlun nefndarinnar fyrir það ár. Þar komi m.a. fram tímasetning funda vegna gerðar starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar fjárhagsuppgjöra, ásamt tímasetningum opinna funda og samráðsfunda eftir því sem við á. Fundir í einstökum aðildarsveitarfélögum skulu ákveðnir í fundaáætlun.

Samhliða gerð fundaáætlunar skal ganga frá dreifingarlista fundargagna og ákveða fyrirkomulag dreifingar.

9. gr. Samráð

Um skyldu barnaverndarnefndar til upplýsingagjafar og samráðs fer skv. barnaverndarlögum.

10. gr. Fjármál

Starfs- og fjárhagsáætlun nefndarinnar er hluti starfs- og fjárhagsáætlunar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. og háðar staðfestingu aðildarsveitarfélaganna sbr. 12. gr stofnsamnings byggðasamlagsins

11. gr. Sjálfstæði nefndarinnar og fullnaðarafgreiðsla mála

Barnaverndarnefnd er tryggt sjálfstæði í störfum sínum, sbr. 13. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og er sveitarstjórnnum óheimilt að gefa nefndinni fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála. Úrskurðir og ákvarðanir nefndarinnar samkvæmt barnaverndarlögum eru því fullnaðarákvarðanir innan stjórnýslu aðildarsveitarfélaganna í samræmi við 13. gr. barnaverndarlaga og með vísan til 12. gr. stofnsamnings um Héraðsnefnd Þingeyinga bs.

12. gr. Málsmeðferð

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að barnaverndarlögum, sveitarstjórnarlögum, stjórnýslulögum og meginreglum stjórnýsluréttar.

Óski aðili máls rökstuðnings eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína og málskotsleiðir.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og gildandi fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga, sem gefin er út af innanríkisráðuneytinu.

Þannig samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. 30. janúar 2017 skv. umboði frá fundi fulltrúaráðs 18. nóvember 2016.

Dagbjört Jónsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar